

VIÐAUKI XI
Kvikasilfursvörur.

Á kvikasilfursvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja spilli-efnagjald.

Úr 28. og 30. kafla tollskrárinnar:

- Úr 2805 Alkalí- eða jarðmálmar; sjaldgæfir jarðmálmar, skandín og yttrín, einnig innbyrðis blöndur þeirra eða málmblendi; kvikasilfur:
2805-4000 – Kvikasilfur 900 kr./kg
- Úr 3006 Vörur til lækninga sem tilgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla:
– Tannsement og annað tannfyllingarefni; beinmyndunarsement:
3006-4002 – – Silfuramalgam til tannfyllinga 900 kr./kg

AUGLÝSING
um skipulag í Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann:

19. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag á Torfnesi, Ísafirði,
25. maí 2000 samþykkt deiliskipulag lóðarinnar Hafnarstræti 7, Ísafirði,
3. mars 2000 samþykkt deiliskipulag neðan Aðalgötu, Suðureyri, Ísafjarðarbæ.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafjarðarbæ, 8. ágúst 2000.

Ármann Jóhannesson skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING
um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Silung ehf., fiskeldisstöð, undir Vogastapa, Vogum, Vatnsleysutrönd, kt. 631192-2119. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. maí 2002.

Reykjavík, 4. ágúst 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Leifur Eysteinnsson forstjóri.

Þór Tómasson
staðgengill forstöðumanns.